



UNGMENNAFÉLAG
NJARÐVÍKUR

80 ÁRA

STOFNAÐ 10. Apríl 1944

ÁRSSKÝRSLA
Aðalfundur UMFN 2024 | ÁRSREIKNINGUR 2023

EFNISYFIRLIT

- 01 **Dagsskrá aðalfundar**
- 02 **Ávarp formanns**
- 03 **Skýrsla stjórnar**
- 04 **Starfsemi deilda**
- 05 **Ípróttafólk UMFN 2023**
- 06 **Heiðursviðurkenningar**
- 07 **Reikningar félagsins**

Dagsskrá aðalfundar

1 Fundarsetning.

2 Formaður stíngur upp á strafsmönnum aðalfundar

a. Kosinn fundarstjóri

b. Kosinn fundarritari

3 Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram

4 Ársskýrsla

a. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfssemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.

b. Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar

c. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

5 Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar

6 Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 11. gr.

7 Heiðursviðurkenningar

8 Kosning

a. Kosinn formaður til eins árs

b. Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára

c. Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs

d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara

9 Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður

10 Ákveðið félagsgjald og ævifélagsgjald

11 Önnur mál

12 Fundarslit

Nú þegar það er farið að sjá fyrir endann á íþróttarárinu er ekki úr vegi að líta yfir farin veg.

Strákarnir okkar í fótboltanum gengu í gegnum tvískipt keppnistímabil þar sem ekkert gekk fyrri hluta þess en enduðu svo með því að halda sér uppi í næst efstu deild með mikilli samvinnu, dugnaði og smá heppni auðvitað. Þetta var virkilega vel að verki staðið og ljóst er að það verða að minnsta kosti tveir leikir næsta sumar þar sem áhorfendapallarnir verða full nýttir þegar við mætum grönnum okkar í Keflavík í deild þeirra næst bestu eins og ég kys að kalla það.

Áfram í fótboltanum því sögulegur atburður áttu sér stað þegar meistaraflokkur kvenna spilaði sinn fyrsta leik í móti þegar þær tóku á móti Grindavík í alvöru suðurnesjaslag í 32 liða úrslitum mjólkurbikarsins. Virkilega ánægjulegt að við séum búin að ná þessum áfanga sem stefnt hefur verið að lengi og það verður vægast sagt spennandi að fylgjast með starfinu í náinni framtíð.

Körfuboltastrákarnir okkar náðu flottum árangri þar sem þeir lentu í 2. Sæti í deildarkeppninni og rétt misstu síðan af úrslitarimmunni þegar þeir duttu úr leik eftir hetjulega baráttu gegn Skagfirðingum í undanúrslitum. Margir spiluðu sinn síðasta leik fyrir Njarðvík í bili í það minnsta og sumir spiluðu sinn síðasta körfuboltaleik.

Logi Gunnarsson lagði skóna á hilluna eftir þetta ferðalag á Sauðárkrók og kvaddi parketið með stolti 42 ára gamall. Þvílíkur íþróttamaður, Takk Logi.

Körfuboltastelpurnar okkar tóku 4. Sætið og mættu því grönnum okkar í Keflavík í undanúrslitum þar sem Keflavík hafði betur. Stelpurnar urðu fyrir miklum skakkaföllum þegar þær misstu sinn besta leikmann og líklega besta leikmann deildarinnar í meiðsli og hver veit hvernig þetta hefði farið með full mannað lið, en svona eru íþróttirnar.

Lyftingadeild UMFN hélt glæsilegt Evrópumeistaramót sem vakti mikla lukku, mikið og öflugt starf hjá þeim.

Heimsmeistarinn okkar í kraftlyftingum hún Elsa Pálsdóttir hélt áfram að setja ný heimsmet og verja titlana sína og á þessu ári bættist annar heimsmeistari við þegar Hörður Birkisson gerði sér lítið fyrir og hampaði heimsmeistaratitli í öldungaflokki. Alveg magnað.

Eins og fyrri ár þá eigum við fjölda landsliðsfólks í hinum ýmsu greinum og erum við hrikalega stolt af því, en jafnframt og ekki síst erum við stolt af þeim sjálfboðaliðum, foreldrum, þjálfurum og starfsmönnum sem búa til þessa umgjörð sem gerir íþróttafólkinu okkar kleift að ná árangri.

Áfram heldur iðkendum að fjölga enda gríðarleg fjölgun í bæjarfélaginu í heild, þó að markmiðið sé alltaf að fjölga iðkendum þá fylgir því miklar áskoranir sem bæjaryfirvöld og félagið þurfa að standa þétt saman í. Alls ekki síst aðstöðumál.

Jákvæð skref hafa verið tekin í átt að bættri aðstöðu og vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir að setja fjármagn og vinnu í þennan mikilvæga málaflokk. Drög hafa verið lögð að glæsilegri félagsaðstöðu við afreksbraut sem verður aðstaða knattspyrnudeildar og UMFN. Við verðum að pressa á það og sjá til þess að það verkefni dragist ekki á langinn eins og körfuboltahúsið við Stapaskóla hefur gert. Í ávarpi mínu í jólablaði 2022 minntist ég á að verið væri að taka nýtt körfuboltahús í gagnið sem myndi vera mikil lyftistöng fyrir körfuknattleiksdeildina okkar og bjóst ég aldrei við því að ég þyrfti að endurtaka þau orð í næsta jólablaði og í ávarpi mínu hér en það er því miður svo að það verkefni er ekki enn lokið. Það eru ekki bara við sem erum ósátt með þann tíma sem það hefur tekið heldur bæjaryfirvöld og félagsmenn líka. Stöndum saman og klárum þetta glæsilega hús og höldum þar upp á afmælisárið okkar Ungmennafélags Njarðvíkur sem er 80. ára í ár.

Að lokum vil ég ítreka þakkir til sjálfboðaliða en Njarðvík býr yfir sérstöðu hvað þá varðar!



Formaður UMFN



Aðalstjórn 2023 - 2024

Formaður:

Ólafur Eyjólfsson

Varaformaður:

Einara Lilja Kristjánsdóttir

Gjaldkeri:

Anna Andrésdóttir

Ritari:

Þórdís B. Ingólfssdóttir

Meðstjórnandi:

Hámundur Örn Helgason

Varamenn:

Guðný Björg Karlsdóttir

Thor Hallgrímsson



Ungmennafélag Njarðvíkur

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2023. Tímamót urðu á sambandsþingi UMFÍ í október þegar einróma var samþykkt stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land og breyting á lottóúthlutun. Ráðherra skrifaði undir samning um stofnun svæðaskrifstofanna ásamt fulltrúum íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar undir lok árs.

Unglingalandsmót

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinir fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kökuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins annað árið í röð.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024 í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

Landsmót 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 23. – 25. júní 2023 í Stykkishólmi. Mótshaldarar voru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og sveitarfélagið Stykkishólmur. Þátttakendur voru 306, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður mótsins af hálfu UMFÍ en Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri HSH, vann ásamt Magnúsi Bæringssyni, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólms, ötullega að undirbúningi þess og framkvæmd.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7. – 9. júní í samstarfi við ungmennafélagið Þrótt Vogum og sveitarfélagið Voga.

Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í annað sinn í Mosfellsbæ 12. ágúst 2023. Þátttakendur voru 800 talsins á öllum aldri og er það tvöfalt fleiri en fyrir ári.

Forsetahlaup UMFÍ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Patreksfirði í september. Þátttakendur voru um 70 talsins. Þetta var annað skiptið sem hlaupið fór fram en það fyrsta fór fram á Álftanesi.

Ungmennafélag Njarðvíkur

Sambandsþing UMFÍ

Tímamót á sambandsþingi UMFÍ

Á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal í október var einróma samþykkt tímamótatillaga, sem fól í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvöld.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, skrifuðu undir samning um starfsstöðvarnar um miðjan desember 2023. Ráðuneytið veitir 400 milljónir króna til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSÍ og UMFÍ 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 milljónir króna í Hvatasjóð. Á hverri skrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.

Á þinginu voru þeir Guðmundur Kr. Jónsson og Haukur Valtýsson gerðir að heiðursfélögum. Hvatningarverðlaun UMFÍ hlutu Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS), Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Einnig voru veitt gullmerki á þinginu. UMFÍ veitti fjölmargar heiðranir og viðurkenningar á árinu. Þær má sjá á umfi.is undir slóðinni viðurkenningar og verðlaun.

Breyting varð á stjórn UMFÍ en í stað þeirra Gissurar Jónssonar HSK og Lárusar B. Lárussonar UMSK tóku sæti þau Ásgeir Sveinsson frá HHF og Rakel Másdóttir UMSK.

Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2022. Nú í ár voru gerðar nokkrar breytingar, notendum til góða. Við gerð kerfisins var lagt upp með einfalt notendaviðmót með forskráðum upplýsingum til hagræðingar fyrir notendur. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar.

Grindavík

Jarðhræringar í Grindavík um miðjan nóvember 2023 urðu til þess að Grindvíkingar urðu að yfirgefa heimili sín í flýti og hafa ekki getað snúið aftur til síns heima. Iðkendur hjá Ungmennafélagi Grindavíkur misstu heimavöll sinn og æfingahúsnæði. Íþróttahreyfingin sneri bókum saman og lögðust allir á eitt til að hjálpa bæjarbúum, útvega iðkendum á öllum aldri íþróttaföt, æfingahúsnæði og allt það sem til þarf til að sinna æfingum og keppnum. Stjórn Ungmennafélags Grindavíkur hefur fengið afnot af þjónustumiðstöð UMFÍ til fundarhalda. Allir iðkendur úr Grindavík gátu sótt æfingar hjá UMFN án endurgjalds.

Ungmennafélag Njarðvíkur

Sport- og Ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin hafa tekist mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttafraeðings.

Skýrsla fyrir sumarið 2023

Sport- og ævintýraskólinn er svokallaður íþrótt- og leikjaskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 10 ára. Helsti tilgangur þessa verkefnis er að auka framboð á afþreyingu fyrir börn sem búsett eru í Innri-Njarðvík og Ytri-Njarðvík. En námskeiðið er að sjálfsögðu opið öllum börnum Reykjanesbæjar sem eru á áður tilteknum aldri. Aðsetur skólans eru í Íþróttamiðstöð Akurskóla (námskeið 1) og í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur (námskeið 2). Undanfarin ár hefur aðsóknin verið með eindæmum góð.

Markmið:

Megin markmið Sport- og ævintýraskólans er að kynna börnum fyrir nærumhverfi sínu og upplifa skemmtilega hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá góða kynningu á hreyfingu og helstu íþróttagreinum sem UMFN hefur uppá að bjóða. Skólinn er í mjög góðu samstarfi við yngri flokkastarf UMFN. Ákveðinn dagur hefur ávallt verið tileinkaður íþróttagreinunum og fær skólinn til sín þjálfara sem leiðbeina krökkunum í einu og öðru sem tengist þeirra íþróttagrein. Það er von skólans að börnin fái jákvæða upplifun af því frábæra starfi sem fram fer í helstu íþróttagreinum innan UMFN.

Þátttökugjald:

Þátttökugjaldið er 15.000 krónur fyrir tveggja vikna námskeið og veittur er 3000 kr. systkinaaafsláttur.

Ungmennafélag Njarðvíkur

Námskeiðin:

Námskeið 1 - Akurskóla

Fyrsta námskeið sumarsins hófst 12.júní og stóð til 22.júní. Alls sóttu 54 börn námskeiðið.

Lagt var af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem Sport og Ævintýri áttu eftir að setja skemmtilegan svip á bæjarlífið í Reykjanesbæ.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
12.jún-15.jún	<p>Hittingur við ípróttahúsið í Akurskóla / Leikir og vettvangsferð</p> <p>Í dag er börnunum raðað í hópa. Síðan verður farið í ýmsa leiki í bland við skemmtilega vettvangsferð</p> <p>Mikilvægt er að koma klædd/-ur eftir veðri, í góðum skóm og með nesti!</p>	<p>Fjörheimar</p> <p>Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu skemmta okkur vel þar.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Frisbíggolf og kynning á íslenskrí glímu</p> <p>Við munum prufa Folf eða Frisbíggolf á hinu svokallaða rómantíska svæði í Reykjanesbæ. Þjálfari frá Glímu deild UMFN mun einnig taka á móti hópnum og kynna íþróttina ásamt því að fara í fjölbreytta og skemmtilega leiki.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Sund í Vatnaveröld</p> <p>Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld.</p> <p>Ekki gleyma sundfötum, handklæði og nesti.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p> <p>*Ef það verður ekki opið í Vatnaveröld vegna verkfalls þá verða Sport og ævintýraleikar í staðinn 😊</p>
19.jún-22.jún	<p>Slökkviliðs heimsókn</p> <p>Kíkt verður í skemmtilega heimsókn til Slökkviliðsins á Keflavíkurflogvelli.</p>	<p>Hjóliferð</p> <p>Allir að mæta með hjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýranna. Hópnum verður skipt upp í tvo hópa sem velja um langa eða stutta hjóliferð.</p>	<p>Óvissuferð</p> <p>Í dag ætlum við að fara í skemmtilegt ferðalag. Komum klædd eftir veðri, í góðum skóm og með næringarríkt nesti.</p> <p>Mætið tímanlega. Rúta frá Bus4U fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)</p>	<p>Tívolidagur</p> <p>Farið verður í heimatilbúið „Tívoli“ þar sem börnin fá að spreyta sig í hinum ýmsu þrautum.</p>

* Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar

Ungmennafélag Njarðvíkur

Námskeið 2 - Njarðvíkurskóli

Þann 26.júní fór síðasta námskeið sumarsins af stað og stóð það fram til 6.júlí. Alls sóttu 25 börn seinna námskeiðið.

Skýrsla stjórnar


	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
26.jún-29.jún	<p>Hittingur við íþróttahús Njarðvíkur / Skoðunarferð</p> <p>Í dag er börnunum raðað í hópa. Síðan verður farið í ýmsa leiki í bland við skemmtilega skoðunarferð</p> <p>Munið að koma klædd eftir veðri, með hollt nesti og í góðum skóm !</p>	<p>Fjörheimar / 88 húsið</p> <p>Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsgöðu gera okkur glaðan dag bæði inni og úti.</p>	<p>Kynning á íþróttagrein UMFN / Ævintýraleikar</p> <p>Í dag fáum við yfirþjálfara til að taka á móti hópunum og kynna eina íþróttagrein innan UMFN. Einnig munum við fara í Ævintýraleika sem eru skemmtilegar óhefðbundnar þrautir sem við ætlum að leysa 😊</p> <p>Mætið tímanlega! <u>Strætó fer kl.8:54 (fyrir hádegis)</u> og kl.12:54 (eftir hádegis)</p>	<p>Sund í Vatnaveröld</p> <p>Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma sundfötum, handklæði og nesti.</p> <p>Mætið tímanlega! <u>Strætó fer kl.8:54 (fyrir hádegis)</u> og kl.12:54 (eftir hádegis)</p>
3.júl-6.júl	<p>Heimsókn til lögreglunnar og slökkviliðsins í Keflavík</p> <p>Í dag munum við fara í áhugaverða heimsókn til lögreglunnar og slökkviliðsins í Keflavík.</p> <p>Mætið tímanlega. <u>Strætó fer kl.8:54 (fyrir hádegis)</u> og kl.12:54 (eftir hádegis)</p>	<p>Veiði / Fjarsjóðsferð</p> <p>Farin verður ferð í fjöruna og við tjarnirnar í Innri Njarðvík. Það er aldrei að vita hvort krabbar, síli, flöskuskeyti eða annar fjarsjóður muni finnast í ferðinni 😊</p>	<p>Hjólaferð / Kynning á knattspyrnu</p> <p>Allir að mæta með hjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýra og kíkja á æfingavöll knattspyrnudeildar Njarðvíkur. Þórir yfirþjálfari Knattspyrnudeildar UMFN mun taka á móti okkur og kynna starf deildarinnar.</p>	<p>Tívolídagur</p> <p>Heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í fjölbreyttum og skemmtilegum tívolíþrautum.</p> <p>Við endum svo daginn með blautum svömpum og ís 😊</p>

- Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar

Ungmennafélag Njarðvíkur


Skráning

Sumarið gekk mjög vel fyrir sig og voru iðkendur Sport- og ævintýraskólans um 79 talsins. 54 iðkendur sóttu fyrsta námskeiðið og 25 annað námskeiðið.



Mynd 1. Fjöldi iðkenda í Sport og ævintýraskólanum eftir fæðingarári.

Kynjahlutfall



Mynd 2. Prósentuhlutfall kynja

Starfsfólk Sport- og ævintýraskólans sumarið 2023:

Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Lovísa Andrésdóttir (umsjónarmenn), Thelma Sigrún Thorarensen (10.bekkur), Íris Björk Davíðsdóttir (10.bekkur), Sigurjón Hreiðarsson (10.bekkur), Ragnheiður Inga Hjaltadóttir (10.bekkur), Ísak Máni Karlsson (9.bekkur), Jóhann Guðni Víðisson (8.bekkur), Albert Guðmundsson (8.bekkur), Kristinn Einar Ingvason (8.bekkur), Þorgerður Tinna Kristinsdóttir (8.bekkur), Linda Líf Hinriksdóttir (8.bekkur), Hrönn Jónsdóttir (8.bekkur) og Rannveig Jónsdóttir (8.bekkur)

Þakkir:

Án þess að fá góðan stuðning er svona námskeið ekki framkvæmanlegt og því vil ég þakka stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur sem hefur ávallt litið á þetta verkefni björtum augum. Einnig vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir styrkinn, afnot að mannvirkjum sem við nutum góðs af, strætókort fyrir hópinn og þeim frábærum krökkum sem völdu það sérstaklega að vinna með börnum í vinnuskólanum í sumar. Sævar Baldursson (BUS4U) á ómetanlegt hrós skilið fyrir frábæra þjónustu en án hans þjónustu gæti skólinn ekki ferðast um Reykjanesbæ og notið þeirra fjölbreyttu afþreyingar sem er í boði. Síðast en alls ekki síst vill ég þakka þjálfurum UMFN sem heimsóttu okkur þetta árið og öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg.

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

Íþróttافرæðingur

Forstöðu- og ábyrðarmaður Sport- og ævintýraskólans

Ungmennafélag Njarðvíkur

Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti styrki á starfsárinu í samræmi við reglur UMFN. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

Voru neðangreindar reglur samþykktar á fundi þann 22. september 2009.

UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi. Í upphafi var styrkurinn 20.000 kr.

Í dag er styrkur til hvers einstaklings kr. 30.000. fyrir hverja ferð á vegum landsliðs. Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.

Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

Þorablót UMFN

Þorablót UMFN fór fram laugardaginn 3. febrúar. Stútfullt hús og stemmning í hámarki. Venju samkvæmt var tekið á móti gestum með hárkarli og brennivíni.

Dagskráin var hefðbundin, matur, söngur og gleði, annáll, skemmtatriði og svo ball. Öll þessi atriði tókust vel og var annállinn sérstaklega beittur og skemmtilegur. Örvar Kristjáns sá um að stýra veislunni eins og honum er einum lagið. Lukkan var með 12 gestum sem hlutu vinning í þorralukkunni í ár og voru vinningarnir af dýrari gerðinni og vill þorablótsnefndin koma á þökkum til þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem styrktu þorablótið í ár.

Að lokum vill Aðalstjórn UMFN þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn til þess að geta haldið svona glæsilegt blót, það þarf ansi mikið að ganga heim og saman til þess að þetta gangi allt upp.

Fundir Aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 12 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar þriðjudagur hvers mánaðar kl. 17:15-19:00. Enginn formlegur fundur var haldinn með formönnum deilda, en mikil samskipti voru við formenn deildanna yfir árið engu að síður. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.



Lyftinga- og líkamsræktardeild

Lyftinga- og líkamsræktardeild

Skýrsla stjórnar Massa 2023

Það var heldur betur viðburðaríkt ár hjá okkur í Massa. Við höldum alþjóðlegt kraftlyftingarmót í Njarðvík. Keppendur Massa urðu á árinu bikarmeistarar, Íslandsmeistarar, Norðurlandameistarar, Evrópumeistarar og Heimsmeistarar í hinum ýmsu greinum ásamt því að setja fjöldann allan af metum, allt frá persónulegum metum og upp í heimsmet.

Massi eignaðist tvo nýja dómara er þeir Andri Fannar Aronsson og Guðmundur Lárusson útskrifuðust með dómaraéttindi í kraftlyftingum. Það er gríðarlegar mikilvægt fyrir okkur að senda dómara á öll innanlandsmót, því án þeirra væri engin keppni möguleg.

Ársfundur Massa fór fram í febrúar.

Þau Þóra Kristín Hjaltadóttir og Guðmundur Lárusson komu ný inn í stjórn Massa á ársfundi deildarinnar og hafa staðið sig vel í að efla starfið. Meðal annars við gerð liðsbola fyrir keppendur Massa og fréttaskrif á heimasíðu UMFN.

Árþing Kraft fór einnig fram í febrúar. Massi hlaut bikar fyrir stigahæsta lið karla árið 2022. Það var mjög ánægjulegt stund þegar Helgi Hauksson, alþjóðadómari hlaut gullmerki ÍSí fyrir störf sín í þágu kraftlyftinga á Íslandi og alþjóðlega.

Það voru svo ákveðin tímamót þegar Gry Ek lét af störfum sem formaður kraft og stjórnarmaður til margra ára. Massi færði Gry blómvönd og þakkarkort fyrir alla sína vináttu og starf í þágu íþróttarinnar. Hinrik Pálsson var kjörin formaður Kraft og okkar maður Kristleifur Andrésen tók sér sæti í stjórn Kraft ásamt góðu fólki.

Það var lítið um sumarfrí þar sem undirbúningur fyrir vestur-Evrópumeistaramót í kraftlyftingum í september var í fullum gangi. Massi hélt glæsilegt alþjóðlegt mót helgina 8.-10. september þar sem öllu var til tjaldað í Ljónagryfjunni. 101 keppendur tóku þátt. Með þjálfurum og öðru fylgdarliði mættu 170 manns frá Evrópu á mótið. Þar á meðal voru hátt settir aðilar Evrópska- og Alþjóðlega kraftlyftingasambandsins. Mótið fór mjög vel fram og voru allir hæstánægðir með umgjörðina en þetta er líklega stærsta og glæsilegasta kraftlyftingarmót sem sögur ganga af hér á landi.

Umgjörðin og skipulagið þótti svo flott að stjórnendur IPF og Kraft lögðu til að við myndum einnig halda heimsmeistaramót í kraftlyftingum í nóvember 2024 á Íslandi.

Eftir smá naflaskoðun þá ákvöðum við að taka slaginn og fór undirbúningur strax á fullt. Skipaður var starfshópur með Gullu Olsen, Magnúsi Helga, Berglind Báru og undirrituðum. Við fylgdum íslenska hópnum út til Litháen í nóvember þar sem Heimsmeistaramótið fór fram árið 2023. Það var mjög lærdómsrík ferð sem fleytti fullt af undirbúningsverkefnum í gang. Undirbúningur gengur vel og hlökkum við mikið til komandi árs.

Lyftingar og kraftlyftingardeild

Helstu afrek keppanda Massa í kraftlyftingum á árinu 2023 eru eftirfarandi:

Íris Rut Jónsdóttir og Hólmgrímur Hólmgrímsson urðu Íslandsmeistarar í sínum flokki á Íslandsmeistaramóti í klassískum kraftlyftingum í byrjun mars.

Þau Benedikt Björnsson, Elsa Pálsdóttir og Hörður Birkisson kepptu á Evrópumeistaramóti í klassískum kraftlyftingum í Búdapest síðar í mars og urðu landi sínu til sóma. Benedikt setti 3 ný Íslandsmet í -93kg M1 flokki karla. Hörður setti 6 Íslandsmet í -74kg M3 flokki karla. Elsa setti svo 6 Íslandsmet, 3 ný heimsmet og tryggði sér Evrópumeistaratitilinn þriðja árið í röð í -76kg M3 flokki kvenna.

Íslandsmeistaramót í bekkpressu fór fram í apríl og sendi Massi öflugan hóp á það mót. Niðurstaðan voru 8 Íslandsmeistaratitlar og 40 Íslandsmet hjá okkar fólki í hinum ýmsu þyngdar- og aldursflokkum.

Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu fór fram í maí. Massi sendi 9 keppendur á mótið og urðu fjögur þeirra Íslandsmeistarar í sínum flokki ásamt því að setja 4 Íslandsmet.

Þóra Kristín Hjaltadóttir keppti í opnum flokki í búnaði á vestur evrópumótinu í kraftlyftingum sem haldið var í Njarðvík í september. Hún gerði því miður ógilt í hnébeygju og datt þar með úr keppni en kláraði samt sem áður mótið með sóma. Sindri Freyr og Íris Rut áttu keppnisrétt á klassíska mótið en þurftu því miður að hætta við vegna meiðsla.

Norðurlandamót unglinga í kraftlyftingum og bekkpressu fór fram í Noregi um miðjan september. Fjórir keppendur frá Massa voru í íslenska landsliðinu að þessu sinni. Hulda Ósk Blöndal varð í 2. sæti í +84kg unglingaflokki kvenna. Daníel Patrick Riley varð í 4. sæti í -74kg unglingaflokki karla. Andri Fannar Aronsson varð í 2. sæti í -74kg unglingaflokki karla í klassískri bekkpressu. Hólmgrímur Hólmgrímsson varð í 1. sæti í -53kg drengjaflokki og setti hann hvorki minna né 66 Íslandsmet í drengja- og unglingaflokki.

Elsa Pálsdóttir og Hörður Birkisson kepptu á heimsmeistaramóti í klassískum kraftlyftingum í masters flokki í október en mótið fór fram í Ulaanbaatar, Mongólíu að þessu sinni. Það var hart barist í -74 kg flokki karla 60-69 ára og til að byrja með var keppnin um heimsmeistaratitilinn hnífjöfn milli Harðar og Bat-Erdene Shagdarsuren frá Mongólíu. Hörður endaði tryggði sér gullverðlaun í hnébeygju og réttstöðu og stóð uppi sem heimsmeistari ásamt því að slá þó nokkur Íslandsmet.

Elsa Pálsdóttir varði heimsmeistaratitilinn þriðja árið í röð. Elsa sigraði með miklum yfirburðum í -76 kg flokki og setti um leið tvö heimsmet á mótinu. Í hnébeygju vann hún til gullverðlauna með 140 kg lyftu sem var 2 kg bæting á hennar eigin heimsmeti í aldursflokknum 60-69 ára. Í bekkpressu vann Elsa til silfurverðlauna með lyftu upp á 62.5 kg en setti svo heimsmet í réttstöðulyftu þegar hún fór upp með 170.5 kg sem gaf henni gullið í þeirri grein. Samanlagður árangur hennar var 373.0 kg sem gera 74.03 IPF stig og var hún þar með önnur stigahæst kvenna yfir alla þyngdarflokka í sínum aldursflokki.

Kristleifur Andrússon var að sjálfsögðu með í för og gegndi hlutverki þjálfara og fararstjóra af mikilli þrygði. Hanna Málmfríður Harðardóttir og Sigurbór Stefánsson fylgdu einnig hópnum í þessu skemmtilega ævintýri.

Lyftingar og kraftlyftingardeild

Íslandsmeistaramót unglunga og öldunga í klassískum kraftlyftingum fór fram á Akranesi um miðjan nóvember. Níu keppendur frá Massa tóku þátt og urðu 6 þeirra Íslandsmeistarar í sínum flokki ásamt því að slá þó nokkur Íslandsmet.

Massi lauk svo árinu með svo kölluðu Jólamóti eða sprengjumóti eins og sumir vildu nefna það. Þetta var innanfélagsmót sem haldið var 30. desember. Öllum var frjálst að taka þátt og var keppt í hnébeygju, bekkpressu og réttstöðu. Fjórar konur og átta karlar tóku þátt í mótinu sem fór mjög vel fram og voru keppendur hæðst ánægð með daginn og er greinilegt að munum endurtaka þennan viðburð.

Lyftingarfolk ársins 2023

Katla Björk Ketilsdóttir var Lyftingarkona Reykjanesbæjar 2023

Elsa Pálsdóttir var Kraftlyftingarkona Reykjanesbæjar 2023

Hörður Birkisson var Kraftlyftingarkarl Reykjanesbæjar 2023

Af öllum öðrum ólöstuðum, vill ég sérstaklega þakka Gullu Olsen, Berglindi Báru, Magnúsi Helga og Kristleifi fyrir alla þeirra vinnu í tengslum við Vestur evrópumótið sem og önnur verkefni fyrir Massa.

Stjórn Massa – Lyftingar og líkamsræktardeildar UMFN árið 2023 skipaði:

Ellert Björn Ómarsson

Eggert Gunnarsson

Guðmundur Lárusson

Ragnar Axel Gunnarsson

Þóra Kristín Hjaltadóttir

Guðmundur og Ragnar ganga nú úr stjórn. Við þökkum þeim kærlega fyrir samstarfið og vonumst til að geta leitað aftur til þeirra þegar á reynir.

Ég mun stíga til hliðar sem formaður en held þó sæti mínu í stjórn og mun aðstoða nýkjörinn formann að koma sér inn í hlutina.



Formaður Lyftinga- og líkamsræktardeildar UMFN



Sunddeild

Sunddeild

Skýrsla stjórnar 2023

Sunddeild Keflavíkur og Sunddeild Njarðvíkur starfa náið saman eins og undanfarin ár og synda undir merkjum Sundráðs ÍRB. Saman eigum við eitt fremsta sundlið landsins og eigum við stóran hóp af sundmönnum í landsliðsverkefnum bæði hjá unglíngum og fullorðnum. Árið 2023 einkenndist af mikilli nýliðun í afrekshópnum okkar, mikilli breidd efnilegra sundmanna sem er einkar ánægjulegt og stórum persónulegum sigrum sundmanna. Sunddeildin byggir á öflum grunni og samstilltri vinnu reyndra og öflugra þjálfara sem með reynslu sinni glæða sundiðkendur keppnisanda og byggja upp sjálfsörugga og sterka einstaklinga. Við hjá ÍRB erum afar stolt af okkar flotta þjálfarateymi og þökkum fyrir þá góðu samvinnu sem við höfum átt í gegnum árin.

Góður liðsandi á Lyngby Open

Árið byrjaði ágætlega fyrir okkur og fór sundliðið okkar eins og venjan er á sundmót í Lyngby Danmörku. Mótið var gríðarlega fjölmennt og góð og öflug keppni. Hópurinn stóð sig feyki vel í og mjög margir að vinna til verðlauna. Krakkarnir skemmtu sér mjög vel og er þetta einn liður í að efla liðsanda í hópnum okkar. Þá vann Elísabet Arnoddsdóttir vann 6 gull, Denas Kazulis 4 gull, Daði Rafn Falsson 3 gull og Nikolai Leo Jónsson 3 gull. Einnig vann liðið til fimm annarra gullverðlauna ásamt öðrum verðlaunum. Mjög góður árangur þar.

Endurnýjun styrktarsamnings við Speedo

Sundráð ÍRB undirritaði áframhaldandi samning við Speedo á Íslandi. Jafnframt var skrifað undir sérstaka styrktarsamninga við sjö sundmenn. Sundmenn á mynd sem fengu sérstakan styrk: Alexander Logi Jónsson, Fannar Snævar Hauksson, Guðmundur Leo Rafnsson, Stefán Elías Berman, Eva Margrét Falsdóttir, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir og Katla María Brynjarsdóttir

Ástrós Lovísa á NÆM

Á Reykjavíkurleikum sem haldnir voru í lok janúar þá náðu sundkrakkarnir en mikil veikindi settu strik í reikninginn hjá okkar sundfólki. Aðeins um helmingur sundmanna sem skráðir voru til leiks gátu keppt á mótinu. Ástrós Lovísa Hauksdóttir náði lágmarkum á NÆM (Norðurlandamót Unglinga) í 100m baksundi.

Landsliðsverkefni í frábærri aðstöðu í Tyrklandi

Í febrúar þá fóru sex sundmenn frá okkur til Tyrklands með æfingabúðum á vegum landsliðshópa Sundsamband Íslands. Það fór vel um 25 manna hópinn frá Íslandi í frábærri aðstöðu Gloria Sports Arena í Belek, Tyrklandi. Hópurinn synti 16 æfingar, tók 3 lyftingaæfingar ásamt því að gera landæfingar fyrir eða eftir allar sundæfingar. Sundmenn sem höfðu náð lágmarkum í þetta verkefni frá okkur voru þau Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Katla María Brynjarsdóttir, Eva Margrét Falsdóttir, Guðmundur Leo Rafnsson og Fannar Snævar Hauksson.

Mikilvæg sundmót ÍRB fyrir sundhreyfinguna.

Sundráð ÍRB heldur alltaf mót nokkru sinnum á hverju ári þá einna helst er stæsta mótið okkar ÍRB-mót sem er alltaf í maí á hverju ári. Þar koma saman sundmenn hvaðan af öllu landinu koma og synda með sínum aldursflokki. Við þjóðum upp á gistingu fyrir þá sundmenn sem koma lengra að.

Sunddeild

Iðkendur eru um 450 talsins auk foreldra og annarra aðstandenda. Einnig höldum við okkar Speedómót fyrir iðkendur 12 ára og yngri og eru þau haldin í kringum febrúar og síðan um haustið í október eða nóvember. Þetta er vel sótt mót og fáum við marga yngri iðkendur hvaðanæva af af landinu. Þarna fá yngri sundmenn að spreyta sig og sundmenn framtíðarinnar að keppa sín á milli. Síðan eru tvö lítil mót sem eru innanfélagsmótin okkar þá er þau haldin í kringum páska og jólamótið. Keppt er í 25m greinum og eru þetta einna helst til æfingamót fyrir yngri og eldri sundmenn.

ÍM 50

Íslandsmeistaramót 50m laug var haldin í Laugardalslaug í byrjun apríl þar vann sundfólkið okkar til fimm Íslandsmeistaratitla. Jafnframt unnu þau til fjögurra unglunga meistaratitla og tveir liðsmenn náðu inn í verkefni sumarsins NÆM og EMU. Þrenn aldursflokkamet í flokknum 13-15 ára voru slegin af yngri karla boðsund sveitinni okkar. Eva Margrét Falsdóttir varð þrefaldur Íslandsmeistari í kvennaflokki, hún sigraði í 200m bringusundi, 400m fjórsundi og 200m fjórsundi.

Guðmundur Leo Rafnsson varð tvöfaldur Íslandsmeistari í karlaflokki, hann sigraði 100m og 200m baksund jafnframt náði hann lágmarki á Evrópumeistaramót unglunga með afar góðu sundi. Guðmundur Leo varð jafnframt þrefaldur Íslandsmeistari unglunga eftir úrslit í undan rásunum. Þar varð hann unglungameistari í 50, 100 og 200m baksundi. Ástrós Lovísa Hauksdóttir tryggði sér þátttökurétt á Norðurlandamóti æskunnar (NÆM) Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir varð Íslandsmeistari unglunga í 400m fjórsundi. Fjöldamörg verðlaun unnust af okkar fólki á mótinu og margir voru að bæta sína bestu tíma.

Eftir þessa viðburðaríku helgi þá áttum við níu sundmenn sem keppa með unglungalandsliðinu í Danmörku á Taastrup Open í maí. Það eru þau Árni Þór Pálmason, Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Daði Rafn Falsson, Freydís Lilja Bergþórsdóttir, Denas Kazulis, Elísabet Arnoddsdóttir, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Nikolai Leo Jónsson og Austeja Savickaite.

15 sundmenn frá Sundráðs ÍRB í 36 manna hópi Framtíðarhóps SSÍ. Sundsamband Íslands birti á dögnum nafnalista þeirra sem munu taka þátt í æfingadegi Framtíðarhóps SSÍ.

Æfingarbúðirnar munu vera í Reykjanesbæ dagana 29. - 30. apríl. Sundráð ÍRB óskar sundmönnum til hamingju með valið. Í hópnum eru Árni Þór Pálmason, Daði Rafn Falsson, Denas Kazulis, Egill Orri Baldursson, Gísli Kristján Traustason, Julian Jarnutowski, Mikael Fannar Arnarson, Nikolai Leo Jónsson, Adriána Agnes Derti, Austeja Marija Savickaité, Elísabet Arnoddsdóttir, Eydís Jóhannesdóttir, Freydís Lilja Bergþórsdóttir, Kornelia Nadia Maniak og Natalía Fanney Sigurðardóttir. Það má segja að framtíðin er björt.

Landliðsverkefni sumarsins

Smáþjóðaleikarnir á Möltu, Norðurlandamót æskunnar Jönköping í Svíþjóð og Evrópumeistaramóti unglunga í Serbíu.

Guðmundur Leo Rafnsson og Eva Margrét Falsdóttir kepptu á Smáþjóðleikunum og með frábærum árangri. Guðmundur Leo Rafnsson í metasveit Íslands sem sló sex ára gamalt met í 4 x 100m fjórsundi karla. Guðmundur Leo synti baksundsprettinn og synti á sínum besta tíma í greininni.

Ástrós Lovísa Hauksdóttir hún bætti tímann sinn í 100m baksundi og hafnaði í 6. sæti og í 200m baksundi þá hafnaði hún í 5. sæti aðeins frá sínum tíma á Norðurlandamót Unglunga. Mjög gott mót hjá Ástrósu.

Sunddeild

Aldursflokkameistaramót SSÍ

Þetta árið þurfti Sundráð ÍRB að lúta því að ná í annað sæti en höfum verið sigursæl undanfarin ár á þessum mót. Það var hörkukeppni alla helgina við SH og Breiðablik um toppsætin. Lokastaða þriggja efstu liðanna var SH 795, ÍRB 693 og Breiðablik 643. Sundkrakkarnir okkar voru til fyrirmyndar í alla staði og mikil gleði, samstaða og keppnisandi einkenndi hópinn. Við mætum því galvösk að næsta ári og endurheimtum titilinn. Á lokahófinu þegar lokastaða liða var kynnt þá var þá jafnframt tilkynnt að Denas Kazulis varð stigahæstur drengja 14-15 ára á mótinu. Til hamingju með helgina sundmenn ÍRB þið voruð frábær. Veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur þessa helgi og gerðu allt svo skemmtilegt. Kæru foreldrar og sundmenn ÍRB, takk fyrir ykkar framlag og skemmtilega helgi.

Norðurlandamót

Guðmundur Leo Rafnsson náði lágmarki á NM í 100 og 200 skriðsundi og 100 og 200m baksundi þar sem hann bætti mótsmetið, jafnframt bætti hann innanfélagsmetin í öllum þessum greinum.

Frábær árangur á ÍM 25

Sundfólk ÍRB raðaði inn verðlaunum á Íslands- og unglingsmeistaramótinu í 25 metra laug sem fram fór í Ásvallalaug í Hafnarfirði.

ÍRB vann til alls átta Íslandsmeistararitla og níu unglingsmeistararitla á Íslandsmótinu í 25 metra laug, þá féllu 57 innanfélagsmet á mótinu og tvö Íslandsmet í aldursflokkum.

Eva Margrét Falsdóttir varð Íslandsmeistari í fjórum greinum á mótinu, Fannar Snævar Hauksson og Guðmundur Leo Rafnsson urðu Íslandsmeistarar í tveimur greinum hvor. Þá náðu fjórir sundmenn (Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Guðmundur Leo Rafnsson, Fannar Snævar Hauksson og Eva Margrét Falsdóttir) lágmarkum á Norðurlandameistaramótið sem fram fer í Tartu í Eistlandi 1. til 3. desember.

Eva Margrét Falsdóttir vann fjóra Íslandsmeistararitla um helgina.

Íslandsmeistararitlar: Eva Margrét Falsdóttir; 100 metra fjórsund, 200 metra bringusund, 200 metra fjórsund og 400 metra fjórsund, Fannar Snævar Hauksson; 50 metra baksund og 100 metra flugsund, og Guðmundur Leo Rafnsson: 100 metra baksund og 200 metra baksund.

Unglingalandslið: Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Daði Rafn Falsson, Denas Kazulis, Guðmundur Leo Rafnsson og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir.

Úrvalshópur: Eva Margrét Falsdóttir og Fannar Snævar Hauksson.

Afrekslandslið: Eva Margrét Falsdóttir, Fannar Snævar Hauksson og Guðmundur Leo Rafnsson.

Guðmundur Leo Rafnsson Norðurlandameistari!

Guðmundur Leo Rafnsson náði frábærum árangri á Norðurlandameistaramótinu í Tartu í Eistlandi. Guðmundur gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari í 200 metra baksundi í unglingsaflokki á föstudeginum og á sunnudeginum þá bætti hann silfurverðlaunum í safnið þegar hann hafnaði í öðru sæti í 100m baksundi. Fannar Snævar Hauksson 100m flugsund úrslit 6. Sæti og 50m baksund úrslit 8. Sæti

Guðmundur Leo Rafnsson var valinn íþróttamaður Njarðvíkur og sundmaður Njarðvíkur.

Ástrós Lovísa Hauksdóttir var sundkona Njarðvíkur.

Sigurros Antonsdóttir



Knattspyrnu deild

Knattspyrnudeild

Enn eitt fótboltaárið er nú liðið undir lok en á liðnu tímabili náði meistaraflokkur Njarðvíkur að halda sæti sínu í Lengjudeildinni, næst efstu deild á Íslandi, með minnsta mögulega mun. Grunnmarkmiðinu var náð, en það er mikil vinna fram undan hjá meistaraflokk félagsins. Á árinu skrái meistaraflokkur kvenna í Njarðvík sig í fyrsta skipti til móts en liðið tók þátt í mjólkurbikarnum. Yngri flokkar félagsins halda áfram að stækka ört og eru iðkendur nú um 450. Stærst er það að fréttu að við upphaf nýs starfsárs nú á haustdögum 2023 sameinuðu Njarðvík – Keflavík – Víðir og Reynir krafta sína í yngri flokkum kvenna og spila nú undir merkjum RKVN í 3. til 5. flokki kvenna

Snemma á nýju ári tók Ingi Þór Þórisson við sem rekstrarstjóri knattspyrnudeildar Njarðvíkur en öll fótboltaheimili í Njarðvík ættu að þekkja Inga vel enda hefur hann þjálfað yngri flokka félagsins til fjölda ára.

Ólíkt síðustu árum þá var ekkert Fotbolti.net mót hjá meistaraflokk árið 2023 og var þar af leiðandi aðeins spilað æfingaleiki fram að Lengjubikar. Njarðvíkurliðið spilaði u.þ.b. einn æfingaleik á viku fram að Lengjubikar sem hófst 10. febrúar þar sem við heimsóttum Íslands- og bikarmeistara Víking í Reykjavík. Frammistaðan í Lengjubikarnum var heilt yfir góð en Njarðvíkurliðið endaði í 4. sæti með 6 stig en liðið vann bæði Aftureldingu og Gróttu.

Mjólkurbikarinn hófst 1. apríl en þá tók Njarðvík á móti Herði frá Ísafirði. Njarðvíkurliðið fór alla leið í 16-liða úrslit þar sem liðið tapaði í hörku leik gegn FH á Kaplakrikavelli, 2-1. Þar með lauk bikarævintýrinu árið 2023.

Íslandsmótið fór af stað í byrjun maí en fyrsti sigur tímabilsins leit dagsins ljós 26. maí á móti Þrótti Reykjavík á Rafholtsvelli. Árangur liðsins í fyrri umferðinni var undir pari, þrátt fyrir mikið af góðum frammistöðum og vel spiluðum leikjum. Erfiðlega gekk að snúa leikjum úr jafntefli í sigra og á tímabili rigndi rauðum spjöldum sem gerði verkefnið oft erfiðara. Eftir fyrri umferðina var liðið í næst neðsta sæti með aðeins 8 stig.

Um miðjan júlí tók stjórn deildarinnar þá ákvörðun að segja upp samningi við Arnar Hallsson þjálfara liðsins. Ákvörðun sem þessi verður seint talin léttvæg en stjórn deildarinnar mat stöðunna þannig að nauðsynlegt væri að fá nýja rödd í klefann til að stýra skútunni frá falli. Þökkum við Arnari fyrir sitt framlag til félagsins.

Eftir brottreksturinn tók Eyjamaðurinn og fyrrum landsliðsmaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson við stjórn liðsins en samið var við Gunnar um stýra liðinu út tímabilið. Markmiðið var skýrt, halda liðinu í deildinni. Fyrsti sigurinn undir stjórn Gunnars kom gegn nágrönnum okkar í Grindavík þann 29. júlí, en Njarðvíkurliðið sigraði sannfærandi 4-1. Sigrinum fylgdi þrjár sigrar til viðbótar og Njarðvíkurliðið var komið upp úr fallsæti.

Knattspyrnudeild

Síðustu þrjú leikir tímabilsins einkenndust af andlegri og líkamlegri þreytu meðal leikmanna en langt og strangt undirbúningstímabil var farið að láta finna fyrir sér. Blessunarlega, þökk sé vinum okkar í Vestra, náði Njarðvíkurliðið að halda sæti sínu í deildinni með minnsta mögulega mun, en liðið hélt sæti sínu í deildinni á kostnað Selfyssinga sem féllu ásamt nágrönnum sínum í Ægi.

Markmiðinu var náð og Njarðvíkinga leika í Lengjudeildinni á komandi ári. Eftir tímabilið gerði stjórn deildarinnar áframhaldandi samning við Gunnar Heiðar um að stýra liðinu næstu tvö tímabil en Gunnar kemur til að vera í fullu starfi hjá deildinni. Knattspyrnudeild Njarðvíkur er staðráðin í að halda áfram að gera betur og efla knattspyrnu innan Njarðvíkur. Félagið stækkar ört og það er alltaf tækifæri til að gera betur.

Ég lifi í þeirri trú að Njarðvík getur spilað í efstu deild á komandi árum. Það tekur hins vegar mikla vinnu og mikinn samtakamátt. Allir Njarðvíkingar, hvort sem það eru stjórnarmenn, þjálfarar, starfsmenn, foreldrar, iðkendur, stuðningsmenn eða leikmenn, þurfa að vinna saman að því að ýta klúbbnum ofar. Þannig munum við geta keppt meðal bestu knattspyrnuliða á landinu. Það erum við sem búum til söguna og hefðina fyrir komandi kynslóðir. Við sem komum að rekstrinum upplifum að það er sífellt erfiðara að sækja hendur um borð í skipið en rekstur íþróttafélaga er sjálfhætt þegar sjálboðaliðar eru hættir að leggja hönd á plóg. Ég vona að sannir félgsmenn séu ekki á undanhaldi, að það séu enn félagsmenn, hvort sem þeir eru 14 eða 44 ára, sem vilja spila og starfa fyrir klúbbinn sinn, eða bara mæta og styðja við bakið á liðinu sínu.

Ég vill að lokum hvetja alla Njarðvíkinga í að halda áfram að styðja klúbbinn, mæta á leiki og taka þátt í að skrifa söguna. Einnig vill ég nýta tækifærið til að þakka öllum þeim sem komu að rekstri knattspyrnudeildarinnar kærlega fyrir. Án góðra starfsmanna, stjórnar, styrktaraðila, stuðningsmanna og bæjafélags væri það ógerningur að reka öflugt íþróttastarf.

Brynjar Freyr Garðarsson

Formaður Knattspyrnudeildar UMFN



SPENNANDI TÍMAR





Körfuknattleiksdeild

Körfuknattleiksdeild

Ársskýrsla KKD UMFN 2023-2024

Maí 2023

Njarðvík semur við Macron til næstu 4 árin.

Halldór Karlsson tók við sem formaður Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur á aukaaðalfundi deildarinnar.

Halldór tekur við af Kristínu Örlygsdóttur en Kristín og fimm aðrir stjórnarliðar létu af störfum. Er þeim öllum hér með þakkað sín óeigingjörnu störf í þágu félagsins. Í formannstíð Kristínar varð kvennalið Njarðvíkur Íslandsmeistari tímabilið 2021-2022 en karllalið varð einnig bikarmeistari og deildarmeistari.

Breytingar út úr stjórn gengu því Kristín Örlygsdóttir, Teitur Örlygsson, Gunnar Örlygsson, Agnar Mar Gunnarsson, Brenton Birmingham og Einar Jónsson og er þeim hér þakkað fyrir sín góðu störf fyrir félagið þetta er ekki sjálfgefið.

Í stjórn voru kjörin í stað þeirra þau meðstjórnendur Ólafur Bergur Ólafsson, Hafsteinn Sveinsson, Geirný Geirsdóttir, Eyrún Ósk Elvarsdóttir og Jón Haukur Hafsteinsson. Varastjórn Emma Hanna Einarsdóttir, Árni Einarsson, Margrét Sörensen, Ragnar Þór Magnússon og Hilmar Þór Ævarsson

Stjórn KKD UMFN tímabilið 2023-2024 var því eftirfarandi:

Formaður: Halldór Karlsson.

Stjórn: Vala Rún Vilhjálmisdóttir gjaldkeri, Jón Haukur Hafsteinsson ritari, Ólafur Bergur Ólafsson, Geirný Geirsdóttir, Hafsteinn Sveinsson og Eyrún Ósk Elvarsdóttir.

Í varastjórn voru svo kjörin þau Emma Hanna Einarsdóttir, Árni Einarsson, Margrét Sörensen, Ragnar Þór Magnússon og Hilmar Þór Ævarsson.

Logi Gunnarsson lék sinn síðasta leik þann 29. apríl fyrir félagið eftir magnaðan feril. Haukur Helgi Pálsson sagði upp samningi sínum við félagið en hann átti eitt ár eftir. Oddur Rúnar Kristjánsson hættir í miðri úrslitakeppni.

Stuttu eftir kosningu stjórnar hélt hún sinn fyrsta fund og skipti með sér verkum. Farið var yfir fjárhagsáætlunina, gríðarlega spennandi ár í vændum flutningur í nýtt íþróttahús innan seilingar, risa skref, horft er á 15 til 20 % aukningu iðkenda og félagið 80 ára. Ljóst var að mikil vinna var fyrir höndum.

Njarðvík semur við Elías Bjarka Pálsson til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík semur við Chaz Williams til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Körfuknattleiksdeild

Júní 2023

Njarðvík semur við Luke Moyer.

Á lokahófi yngri flokka hlaut Jan Baginski Elfarsbikarinn en Krista Gló Magnúsdóttir hlaut þá Áslaugarbikarinn.

Jan Baginski hélt í nám til Graceland háskólans í Bandaríkjunum. Duglegur strákur sem kemur sterkari til okkar eftir háskólanám.

Maciej Baginski sagði upp samning sínum og þeir Ólafur Helgi, Rafn Edgar og fleiri lögðu skóna á hilluna. Af 15 manna hóp sem kláruðu tímabilið 2022-23 voru tveir eftir, þeir Elías Bjarki og Mario Matasovic.

Það va svipað uppá teningum hjá kvennaliðinu, af 15 manna hóp voru fimm eftir þar af þrjár 15 ára þær Hulda María Agnarsdóttir, Sara Logadóttir og Kristín Björk Guðjónsdóttir.

Mikið verk fyrir höndum hjá stjórn að fullmanna liðinn fyrir nýtt tímabil.

Stelpurnar okkar : Vilborg Jónsdóttir og Helena Rafnsdóttir voru allar valdar í 12 manna hóp U20 ára landsliðs Íslands sem keppti á EM í Rúmeníu og NM í Svíþjóð.

Hulda María Agnarsdóttir, Sara Logadóttir, Kristín Björk Guðjónsdóttir og Hólmfríður Eyja Jónsdóttir voru valdar í U15 sem keppti í Finnlandi.

Heimir Helgason var valinn í U16 sem keppti á NM og EM í Rúmeníu.

Patrick Joe Birmingham var valinn U15 sem keppti í Finnlandi.

Sumaræfingar byrja. Sumarið er virkilega góður tími til að bæta sig. Þjálfarar þar voru þeir Bruno Richotti og Kristinn Pálsson.

Þjóðhátíðarkaffi og fjölskyldubingó KKD UMFN var á sínum stað og Bingo var haldið í Stapaskóla enn þarna átti að hita upp fyrir móttöku nýs Íþróttahús sem ekkert bólar á.

Júlí 2023

Njarðvík samdi við Tynice Martin.

Njarðvík samdi við Andela Strize.

Njarðvík samdi við Ena Viso.

Njarðvík samdi við miðherjan Dominykas Milka til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Ágúst 2023

Njarðvík samdi við Carlos Mateo.

Njarðvík samdi við Snjólf Marel Stefánsson til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík samdi við Maciej Baginski til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík samdi við systurnar Önnu og Láru Ásgeirsdætur til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík samdi við Jönu Falsdóttir til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík samdi við Kristu Gló Magnúsdóttir til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík samdi við Emilie Hesseldal.

Körfuknattleiksdeild

Kristjana Eir Jónsdóttir var ráðin sem aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki kvenna til næstu tveggja ára eða út leiktíðina 2024-2025.

Njarðvík er eina liðið sem hefur verið í úrvalsdeildinni óslitið frá stofnun hennar 1978.

September 2023

Nýtt mótakerfi KKÍ tekið í notkun.

Í árlegri spá fyrirliða og þjálfara var kvennaliði Njarðvíkur spáð 4. sæti í Subwaydeildinni 2023-2024.

Fyrsti heimaleikur Njarðvík – Keflavík hörkuleikur endaði 80-83.

Í árlegri spá fyrirliða og þjálfara og samkvæmt fjölmiðlum var karlaliði Njarðvíkur spáð 9. sæti í Subwaydeildinni 2023-2024.

Október 2023

Okkar maður: Elvar Már á spjöld sögunnar í meistaradeildinni.

22. október: Bikarleikur 32 liða úrslitum Njarðvík – Keflavík. Þetta var hörkuleikur endaði 108-109 eftir framlengingu.

Nóvember 2023

Jana Falsdóttir er valin í Íslenska kvennalandsliðið og keppir sinn fyrsta leik við Tyrkland. Njarðvík samdi við Þorvald Orra Árnason til eins árs.

Árlega Bingóið okkar var virkilega vel sótt og allir skemmtu sér konunglega.

Njarðvík segir upp samningi Tynice Martin.

Carlos Mateo slítur hásin og ljóst að hann spilar ekki meir á leiktíðinni.

Desember 2023

Njarðvíkingurinn Elvar Már Friðriksson var kjörinn körfuknattleiksmaður ársins hjá KKÍ í 3 sinn, þriðja árið í röð.

Þess má geta að Konráð Ólafur Eysteinnsson fékk viðurkenningu sem sjálfboðaliði ársins hjá körfuknattleiksdeild.

Njarðvík semur við Dwanye Ogunleye og Veigar Páll Alexandersson snýr aftur og gerir 2 ára samning en áður var hann við háskólanám í bandaríkjunum.

Njarðvík segir upp samningi við Luke Moyer.

Körfuknattleiksdeild

Janúar 2024

Val á íþróttafólki Reykjanesbæjar fór fram þann 21. janúar þar sem Mario Matasovic og Erna Hákonardóttir voru valin Körfuknattleiksmaður/kona Njarðvíkur 2023, Mario var kjörinn körfuknattleiksmaður Reykjanesbæjar og þess má geta að Erna var einnig valin varnarmaður ársins í Subwaydeildinni tímabilið 22-23.

Njarðvík samdi við Isabellu Ósk Sigurðardóttur til 2 ára eða út leiktíðina 2024-2025.
Njarðvík samdi við Selenu Lott.

Febrúar 2024

Áætlað var að flytja inn í nýja íþróttahúsið í þessum mánuði. Ekkert var úr því. Lagt var fram minnisblað vegna rekstrartjóns vegna þessa en því var hafnað í bæjarráði.

4. febrúar var þorablót UMFN og þótti afar glæsilegt, stútfullt og stemmingin var í hámarki. Annállinn var sérstaklega beittur og skemmtilegur. Tók sem dæmi á seinangangi við smíði nýs íþróttahús með glæsibrag.

Mars 2024

Nettómótið fór fram fyrstu helgina í mars í Reykjanesbæ. Myndarleg framkvæmd hjá Njarðvík og Keflavík en þetta er stærsta körfuboltamót landsins sem haldið er ár hvert og setur jafnan mikinn svip á bæinn þessa helgi ár hvert.

Nú er ljóst að kvennalið og karlalið Njarðvíkur mun leika í úrslitakeppni Subwaydeildarinnar. Þar sem bæði liðin sitja í 2 sæti þegar þetta er skrifað sem er afar góður árgangur.

Elías Bjarki Pálsson er á leið í háskóla (Augusta) í Bandaríkjunum. Duglegur strákur sem kemur sterkari til baka eftir háskólanám.

Að lokum

Án stuðningsmanna er Njarðvík ekkert !

Áfram Njarðvík.

Halldór Karlsson

Formaður Körfuknattleiksdeildar UMFN



SPENNANDI TÍMAR





Þríþrautardeild

Þríprautardeild

Starfsárið 2023 gekk nokkuð vel. Iðkendafjöldi er vaxandi miðað við önnur ár. Skráðir iðkendur í þríprautardeild UMFN er á bilinu 70–80 iðkendur. Tókum í notkun Sportabler til að halda utanum skráningar í deildina og erum að læra hvernig þetta er notað. Þetta kerfi er að einfalda mikið utanumhaldið og gerir líf gjaldkerans bærilegra. Klárlega margir notkunarmöguleikar á þessu ágæta kerfi. Þökkum þeim sem komu að þessari innleiðingu kerfissins kærlega fyrir.

Starfið fór af stað með svipuðum hætti og undangengin ár. Fyrir utan þjálfaraskipti í sundi sem urðu um haustið. Jóna Helena sundþjálfari hætti hjá okkur síðastliðið vor eftir áralanga þjálfun á sundhópnum okkar. Þökkum við Jónu Helenu kærlega fyrir hennar góða starf hjá deildinni undanfarin ár, þar sem hún hefur staðið sig með afar vel og verið til fyrirmyndar í alla staði. Við náðum að ráða nýjan þjálfara í sundið áður en nýtt tímabil hófst í haust. Nýji sundþjálfarinn er Rakel Ýr Ottósdóttir. Hún er að byrja sinn þjálfaraferil sem sundþjálfari og hefur staðið sig afar vel. Hún þekkir sundheiminn afar vel þar sem hún æfði sund sjálf til margra ára. Börkur, Guðný hafa séð saman um hlaupahópinn með góðum stuðningi frá Guðbjörgu Jónsdóttur. Held það sé óhætt að segja að hlaupahópurinn hefur aldrei verið öflugri en nú, bæði hvað varða fjölda iðkenda og afreka þeirra sem stunda hlaup með 3N. Börkur hefur einnig tekið að sér að þjálfa hjólahópinn með góðum árangri.

Æfingaferð 3N var farinn á árinu 2023. Farið var til Tene eins og nokkur skipti áður. Þó nokkur fjöldi iðkenda 3N nutu veðursins og þess að vera til. Alltaf vel heppnaðar ferðir í góðum félagskap þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.

Keppnisþátttaka iðkenda þríprautardeildar UMFN var með meira móti á þessu ári.

5 keppendur í kópavogsprautinni 2023

4 keppanda í Sprettþraut 3SH 2023

3 Liðakeppni Laugarvatnsprautin 2023 - Boðþraut/Sveitakeppni

1 Norðurljósaþríprautin - Almennur flokkur (4. bikar).

3 keppendur í Ofursprettþraut 3N 2023

Nokkrir iðkendur 3N tóku þátt í Íslandsmeistaramóti Garpa í sundi. Þar vann einn 1 gull til Íslandsmeistari Garpa 100 skriðsundi.

Iðkendur 3N tóku einnig þátt í fjölmörgum hlaupakeppnum á árinu og náðu þar góðum árangri. Hér verður nefnt það helsta.

Áttum nokkra keppendur hálfmarðoni í Kaupmannahöfn.

All nokkrir 3N-arar tóku þátt í Chicago marðoninu, New York marðonið, Rotterdam marðoninu.

Börkur Þórðarson þjálfari og okkar hraðasti hlaupari náði gríðarlega góðum árangri á síðasta ári í öllum hlaupavegalengdum sem hann tók þátt í. Var oft í verðlaunasæti í sínum aldursflokk. Einnig náði hann þeim áfanga að vinna sér inn keppnisrétt á Heimsmeistaramóti Aldursflokka í Marðoninu í Sydney í Ástralíu sem fram fer 2024.

Þríprautardeild

Við erum afar stolt af iðkendum okkar í 3N fyrir þeirra dugnað, jákvæðni og almenn skemmtilegheit.

Í lok ágúst héldum við okkar árlegu sprettþraut. Fengum mikinn stuðning félagsmanna við framkvæmd keppinnar sem gekk afar vel og var til fyrirmyndar. Vil ég þakka þeim sem komu að keppnishaldinu kærlega fyrir þeirra framlag. Þátttakan í keppinni var nokkuð góð.

Héldum litla krúttlega árshátíð í október. Þar sem við komum saman í sparifötum, borðuðum góðan mat og höfðum gaman.

Í lok árs kríndum við þríprautarkonu og þríprautarkarl ársins. Að þessu sinni var það Heba Maren Sigurpálsdóttir og Elvar Þór Ólafsson sem fengu titilinn og eru vel að honum kominn.

Starf þríprautardeildar UMFN gekk nokkuð vel á árinu 2023. Rekstur deildarinnar stendur vel og almenn ánægja í deildinni. Við í stjórninni hvetjum iðkendum til að koma með góðar ábendinga og hugmyndir sem bæta megi starf þríprautardeildar UMFN. Við hvetjum iðkendum líka til að taka þátt í starfinu með okkur því "margar hendur vinna létt verk". Vil ég fyrir hönd Stjórnarinnar þakka Aðalstjórn UMFN fyrir veittan stuðning ásamt öllum sem hafa lagt hönd á plóg við rekstur deildarinnar



Formaður Þríprautardeildar UMFN

Uppskeruhátíð UMFN

Vali á íþróttafólki UMFN fór fram í Stapa í Hljómahöll sunnudaginn 21. janúar með stórri og glæsilegri athöfn. Í ár var þetta með breyttu sniði og heppnaðist það vel. En Haldið var sameiginlegt hóf samhliða Keflavíkur og vali á íþróttafólki Reykjanesbæjar.

Ungmennafélag Njarðvíkur verðlaunar alla þá sem hafa staðið sig framúrskarandi vel fyrir félagið og þykja fremst í sinni íþróttagrein. Hver deild valdi innbyrðis það íþróttafólk sem stóðu sig best í sinni grein á árinu og úr þeim var valið íþróttafólk UMFN 2023. Við erum afar stolt af því að eiga mikið af framúrskarandi íþróttafólki.

Aðalstjórn UMFN óskar þessu glæsilega fólki innilega til hamingju.

Þríprautarkona: Heba Maren Sigurpálsdóttir

Þríprautamaður: Elvar Þór Ólafsson

Knattspyrnumaður: Gísli Martin Sigurðsson

Körfuknattleikskona: Erna Hákonardóttir

Körfuknattleiksmaður: Mario Matasovic

Kraftlyftingakona: Elsa Pálsdóttir

Kraftlyftingamaður: Hörður Birkisson

Lyftingakona: Katla Björk Ketilsdóttir

Sundkona: Ástrós Lovísa Hauksdóttir

Sundmaður: Guðmundur Leo Rafnsson

Íþróttamaður UMFN 2023

Guðmundur Leo Rafnsson

Íþróttakona UMFN 2023

Erna Hákonardóttir



Ólafsbikarinn

Ólafur F. Thordersen veitir viðurkenningu fyrir óeigingjart starf í þágu félagsins og oft á tíðum er það einhver sem vinnur mest bak við tjöldin.

Bikarinn var fyrst afhentur á aðalfundi félagsins 1993.

Heiðursviðurkenningar

- 2023 Hjalti Már Brynjarsson og Geirný Geirsdóttir
- 2022 Jón Björn Ólafsson
- 2021 Guðný Björg Karlsdóttir
- 2020 Þórunn Þorbergsdóttir
- 2019 Harpa Kristín Einarisdóttir
- 2018 Hafsteinn Hilmarsson
- 2017 Bjarni Sæmundsson
- 2016 Halldóra Halldórsdóttir
- 2015 Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir
- 2014 Agnar Mar Gunnarsson
- 2013 Helgi Helgason
- 2012 Guðmundur Stefán Gunnarsson
- 2011 Halldór Rósmundur Guðjónsson
- 2010 Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir
- 2009 Rafn Vilbergsson
- 2008 Örvar Þór Kristjánsson
- 2007 Logi Halldórsson
- 2006 Haraldur Hreggviðsson
- 2005 Andrés Ottósson
- 2004 Erlingur Rúnar Hannesson
- 2003 Halldóra Húnbogadóttir
- 2002 Einar Árni Jóhannsson
- 2001 Ingólfur Ólafsson
- 2000 Freyr Sverrisson
- 1999 Steinunn Sighvatsdóttir
- 1998 Ólafur Guðbergsson
- 1997 Freyr Sverrisson
- 1996 Steindór Gunnarsson
- 1995 Kristinn Pálsson
- 1994 Leifur Gunnlaugsson
- 1993 Júlíus Valgeirsson

Gullmerki með lárviðarsveig

Gullmerki UMFN með lárviðarsveig fyrir langt og frábært starf í þágu félagsins. Aldrei geta fleiri en 10 heiðursfélagar verið handhafar gullmerkis félagsins með lárviðarsveig.

Veitt á aðalfundi UMFN 2022

Eðvarð Þór Eðvarðsson

Veitt á lokahófi knð UMFN 2018

Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hilmar Hafsteinsson

Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2023

Sigurgeir Svavarsson
Gunnar Örlygsson
Bjarni Sæmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2022

Agnar Már Gunnarsson
Bylgja Sverrisdóttir
Ágústa Guðmarsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Friðrik Stefánsson
Logi Halldórsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Ólafur Eyjólfsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Jóhannes A. Kristbjörnsson
Halldóra Lúthersdóttir
Valpór Söring Jónsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Hafsteinn Hilmarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Ómar Kristjánsson
Björgvin Magnússon
Ágúst Hrafnsson
Lára Ingimundardóttir
Guðmundur Sæmundsson
Jón Einarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson
Andrés Ari Ottósson
Viðar Kristjánsson
Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Erlingur Rúnar Hannesson
Páll Kristinsson
Ragnar Halldór Ragnarsson
Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Haukur Guðmundsson
Friðrik Pétur Ragnarsson
Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Gunnar Örn Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hermann Jakobsson
Jón Bjarni Helgason
Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Gunnar Þórarinsson – (lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Stefán Bjarkason
Böðvar Jónsson
Guðmundur Snorrason
Haukur Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Teitur Örlygsson
Kristbjörn Albertsson

Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Heiðursviðurkenningar

Veitt á aðalfundi UMFN 2022

Þórir Rafn Hauksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2021

Sigurður H. Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Ágústa Guðmarsdóttir

Árni Þór Ármannsson

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Guðni Erlendsson

Hörður Birkisson

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Thor Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Sturla Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Agnar Mar Gunnarsson

Bylgja Sverrisdóttir

Helgi Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Helgi Arnarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Einar Árni Jóhannsson

Friðrik Erlendur Stefánsson

Sævar Ingi Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Friðrik Pétur Ragnarsson

Guðmundur Sæmundsson

Július Valgeirsson

Magnús Þór Kristófersson

Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Friðrik Ólafsson

Herbert Eyjólfsson

Þórunn Þorbergsdóttir

Þórður Karlsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Björn Jóhannsson

Edda Ottósdóttir

Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Einar Árni Jóhannsson

G. Elsie Einarsdóttir

Gunnar Þórarinsson

Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Guðmundur „Brói“ Sigurðsson

Hermann Jakobsson

Leifur Gunnlaugsson

Freyr Sverrisson

Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið .

Veitt á aðalfundi UMFN 2023

Ísak Tómasson
Vala Vilhjálmsdóttir
Ellert Björn Ómarsson
Haukur Aðalsteinsson
Hjalti Már Brynjarsson
Þórdís B. Ingólfssdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2022

Halldór Karlsson
Jakob Hermannsson
Svanur Már Scheving
Klemens Sæmundsson
Ingi Þór Þórisson
Rafn Markús Vilbergsson
Birkir Freyr Guðbjartsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2021

Einara Lilja Kristjánsdóttir
Anna Gunnlaugsdóttir
Guðbjörg Jónsdóttir
Gunnlaug F. Olsen
Guðmundur S. Gunnarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Anna Andrésdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Harpa Kristín Einarsdóttir
Guðný Björg Karlsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Sævar Ágústsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Halldóra Halldórsdóttir
Þórir Hauksson
Haraldur Helgason
Veitt á aðalfundi UMFN 2013
Kristinn Örn Agnarsson
Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Hörður Birkisson
Sturla Ólafsson
Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Bjarni Sæmundsson
Guðni Erlendsson
Jóhannes Albert Kristbjörnsson
Kristinn Einarsson
Páll Kristinsson

UMFN skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu

Helgi Helgason

Snorri Jónas Snorrason

Thor Ólafur Hallgrímsson



ÁRSREIKNINGUR 2023

Ársreikningur 2023

ÁRITUN ENDURSKOÐUNARSTOFU

Til stjórnar og félagsmanna aðalstjórnar UMFN

Ársreikning þennan fyrir aðalstjórn UMFN árið 2023 hef ég gert eftir bókhaldi hennar og öðrum upplýsingum.


Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og efnahagsreikning auk skýringa. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum deildarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður, en staða reikninga og meðferð fylgiskjala verið könnuð. Að mínu áliti gefur ársreikningurinn glögga mynd af afkomu aðalstjórnar UMFN og efnahag hennar í árslok.

Njarðvík, 10. apríl 2024

Íslenskir endurskoðendur, ráðgjöf ehf


Guðni Þór Gunnarsson
Endurskoðandi

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA


Ársreikningur aðalstjórnar UMFN fyrir árið 2023 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður aðalstjórnar á tímabilinu 9.268 þús. kr. og eigið fé í lok þess var jákvætt um 49.986 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn aðalstjórnar UMFN leggur til að hagnaður/tap verði flutt til næsta árs.

Stjórn og framkvæmdastjóri aðalstjórnar UMFN staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Njarðvík, 10. apríl 2024

Í stjórn aðalstjórnar UMFN.


Ólafur Ólafsson
Þórunn B. Jónsdóttir
Anna Andrésdóttir

Leinnar J. Kr.
Guðný Karlsdóttir

Framkvæmdastjóri

Hámunður Órn Helgason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2023

	Skýr.	2023	2022
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og styrkir.....	1	79.660.989	76.789.902
Aðrar tekjur.....	2	<u>7.103.521</u>	<u>6.123.149</u>
		<u>86.764.510</u>	<u>82.913.051</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld.....	3	13.679.309	11.989.784
Styrkir til deilda.....	4	54.033.089	57.961.462
Áhöld og tæki.....	5	444.614	208.838
Kostnaður v/mótahalds.....	6	256.922	289.950
Rekstur mannvirkja.....	7	0	0
Rekstur skrifstofu.....	8	2.824.438	2.397.778
Kynning, fræðsla og útbreiðsla.....	9	2.821.803	2.876.657
Annar rekstrarkostnaður.....	10	<u>5.939.405</u>	<u>156.080</u>
		<u>79.999.580</u>	<u>75.880.549</u>
		6.764.930	7.032.502
		0	0
		6.764.930	7.032.502
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJARMAGNSGJÖLD)			
Vaxtatekjur.....		<u>2.503.166</u>	<u>797.883</u>
		<u>2.503.166</u>	<u>797.883</u>
		<u>9.268.096</u>	<u>7.830.385</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

EIGNIR	Skýr.	2023	2022
FASTAFJÁRMUNIR			
Framlög og styrkir.....		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
VELTUFJÁMUNIR			
Viðskiptakröfur.....		1.552.500	282.418
Innborgað vegna þorrablóts.....			
Skammtímakröfur v/deilda.....		8.51.102	7.785.536
Sjóður og bankainnistæður.....		<u>40.812.984</u>	<u>32.934.209</u>
		<u>51.216.586</u>	<u>41.002.163</u>
	Eignir samtals	<u>51.216.586</u>	<u>41.002.163</u>

SJÓÐSTREYMI 2023

	2023	2022
REKSTRARHREYFINGAR		
Hagnaður/(Tap) ársins.....	9.268.096	7.830.385
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé		
Afskriftir.....	<u>0</u>	<u>0</u>
Hreint veltufé til rekstrar	9.268.096	7.830.385
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun.....	(1.065.566)	1.482.474
Birgðir (hækkun) lækkun.....	(1.270.082)	390.000
Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun.....	<u>946.327</u>	<u>(41.075)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>7.878.775</u>	<u>9.661.784</u>
Breyting á handbæru fé.....	7.878.775	9.661.784
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>32.934.209</u>	<u>23.272.425</u>
Handbært fé í árslok.....	<u>40.812.984</u>	<u>32.934.209</u>

SUNDURLIÐANIR

	2023	2022
1. RAMLÖG OG STYRKIR		
Styrkir ÍSÍ/UMFÍ.....	1.292.982	-
Félagsgjöld.....	197.500	204.000
Útbreiðslustyrkir, ÍRB (hvatagreiðslur).....	21.800.572	18.334.662
Þjálfarastyrkur Íþróttasamband Reykjanesbæjar.....	6.395.910	7.967.400
Styrkur RNB v/Covid 19.....	-	7.500.000
Styrkur RNB v/stöðugilda.....	28.369.668	21.630.000
Lottó og getraunir.....	18.222.535	17.570.730
Styrkir ýmis fyrirtæki og önnur sveitarfélög.....	1.218.427	132.108
UMFN vegna Massa líkamsræktar og lyftingafélag.....	2.163.395	3.451.002
	<u>79.660.989</u>	<u>76.789.902</u>
2. TEKJUR AF VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSÖLU		
Vörusala, auglýsingar.....	803.611	343.418
Útleiga skiltis á Fitjum ofl.....	* 6.299.910	5.779.731
	<u>7.103.521</u>	<u>6.123.149</u>
3. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD		
Laun.....	11.232.003	9.799.000
Tryggingagjald.....	806.264	706.235
Lífeyrissjóður.....	1.465.112	1.322.865
Önnur launatengd gjöld.....	175.930	161.684
	<u>13.679.309</u>	<u>11.989.784</u>
4. STYRKIR TIL DEILDA		
Þjálfarastyrkur júdó.....	211.034	628.364
Þjálfarastyrkur karfa.....	1.465.200	2.268.925
Þjálfarastyrkur sund.....	-	734.373
Þjálfarastyrkur fótbolti.....	4.132.283	4.335.736
Landsliðsstyrkir.....	457.500	630.000
Júdódeild styrkur.....	-	581.032
Körfuknattleiksdeild styrkur.....	5.963.337	4.258.894
Knattspyrnadeild styrkur.....	5.888.617	3.833.614
RNB framlag til körfu og knattspyrnu.....	12.056.500	13.600.000
Sunddeild styrkur.....	2.626.735	560.862
Massi styrkur.....	-	150.000
Styrkur vegna Covid 19.....	140.000	7.500.000
Aðrir styrkir.....	21.091.883	18.879.662
	<u>54.033.089</u>	<u>57.961.462</u>
5. ÁHÖLD OG TÆKI		
Búningar.....	-	108.500
Íþróttáhöld.....	444.614	60.338
Húsbúnaður og önnur áhöld.....	-	40.000
	<u>444.614</u>	<u>208.838</u>

SUNDURLIÐANIR

	2023	2022
6. KOSTNAÐUR V/MÓTAHALDS		
Verðlaunagripir.....	256.922	60.450
Landsmót UMFÍ.....	-	229.500
	<u>256.922</u>	<u>289.950</u>
7. REKSTUR MANNVIRKJA		
Viðhald.....	-	-
	<u>-</u>	<u>-</u>
8. REKSTUR SKRIFSTOFU		
Sími.....	111.530	92.669
Posaleiga.....	32.190	-
Ritföng.....	40.557	18.924
Prentun.....	49.453	88.650
Póstkostnaður.....	920	
Funda- og þingkostnaður.....	203.800	327.300
Heimasíða/internetþjónusta.....	8.293	6.293
Kaffikostnaður og risna.....	60.011	245.355
Auglýsingar/gjafir.....	86.926	189.930
Tölvukostnaður.....	486.227	71.810
Greiðslumiðlun.....	907.210	1.026.070
365 miðlar.....	87.790	106.327
DK vistun.....	181.021	161.364
Annar skrifstofukostnaður.....	568.510	63.086
Ýmis verkefni.....	-	-
	<u>2.824.438</u>	<u>2.397.778</u>
9. KYNNING, FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA		
Ferðakostnaður.....	427.222	343.665
Sport og ævintýraskóli.....	2.093.000	1.840.000
Áhöld og tæki í sal.....	301.581	692.992
	<u>2.821.803</u>	<u>2.876.657</u>
10. ANNAR KOSTNAÐUR		
Barnaheill.....	157.380	-
Rekstur Nettóhallar.....	5.239.668	-
Þorrablót.....	455.728	-
Þjónustugjöld og fl.	86.629	156.080
	<u>5.939.405</u>	<u>156.080</u>

SAMSTÆÐA 2023

Ungmennafélag Njarðvíkur Samstæða 2023

	Aðalstjórn	KKD	KND	Massi	SND	Júdó	Þríþraut	Milifært	UMFN	
Rekstrartekjur										
Framlög og styrkir	68.344.475	115.168.795	124.472.938	22.380.950	11.137.662		0	3.872.000	(53.575.589)	291.801.231
Aðgangseyrir, stuðningsm.	0	12.578.556	4.693.081	0	0		0	0		17.271.637
Lottótekjur og getraunir	18.222.535	675.344	0	0	0		0	0		18.897.879
Æfingagjöld og.fl	197.500	13.052.987	28.808.022	1.045.340	3.073.151		0	2.947.550		49.124.550
	86.764.510	141.475.682	157.974.041	23.426.290	14.210.813		0	6.819.550		377.095.297
Rekstrargjöld										
Laun og launatengd gjöld	13.679.309	73.889.415	86.204.892	0	0		0	2.305.200		176.078.816
Íþróttaleg viðskipti	54.734.625	34.458.735	39.818.183	21.651.016	11.446.412		0	3.239.700	(53.575.589)	111.773.082
Stjórnunarkostnaður	2.824.438	1.907.853	1.144.693	556.659	3.268		0	28.623		6.465.534
Rekstrarkostnaður og önnur gjöld	8.761.208	35.114.101	19.502.209	1.007.000	1.054.915		0	531.310		65.970.743
	79.999.580	145.370.104	146.669.977	23.214.675	12.504.595		0	6.104.833		360.288.175
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir										
	6.764.930	(3.894.422)	11.304.064	211.615	1.706.218		0	714.717		16.807.122
Afskriftir										
	0	0	0	0	0		0	0		0
Rekstrarhagnaður										
	6.764.930	(3.894.422)	11.304.064	211.615	1.706.218		0	714.717		16.807.122
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)										
Vaxtatekjur	2.503.166	509.135	217.513	85.681	530.343		0	195.229		4.041.067
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	0	(790.020)	(53.561)	(18.850)	0		0	(42.950)		(905.381)
	2.503.166	(280.885)	163.952	66.831	530.343		0	152.279		3.135.686
Hagnaður (tap) ársins										
	9.268.096	(4.175.307)	11.468.016	278.446	2.236.561		0	866.996		19.942.808
Efnahagur										
Eignir										
Fasta- og áhættufjármunir										
Verðgildi samninga við leikmenn			2.300.000							2.300.000
Áhöld og tæki			0	7.757.336						7.757.336
	0	0	2.300.000	7.757.336	0	0	0	0		10.057.336
Veltufjármunir										
Viðskiptakröfur	10.403.602	0	555.305	0	0		0	0	(8.851.102)	2.107.805
Vörubirgðir	0	0	0	0	0		0	330.000		330.000
Handbært fé	40.812.984	16.782.702	16.192.787	1.250.118	11.782.146	4.864.679	4.955.988			96.641.404
	51.216.586	16.782.702	16.748.092	1.250.118	11.782.146	4.864.679	5.285.988			99.079.209
Eignir samtals										
	51.216.586	16.782.702	19.048.092	9.007.454	11.782.146	4.864.679	5.285.988			109.136.545
Skuldir										
Skuldabréf, langtímaskuldir		6.409.419	2.335.702					(8.745.121)		0
Yfirdrættir		0	0							0
Viðskiptaskuldir	1.229.808	201.276	490.039		1.061.000		0		(105.981)	2.876.142
Skuldir samtals	1.229.808	6.610.695	2.825.741	0	1.061.000	0	0			2.876.142
Eigið fé										
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári	40.718.682	14.347.314	3.254.335	8.729.008	8.484.585	4.864.679	4.418.992			84.817.595
Endurmatsreikningur			1.500.000							1.500.000
Hagnaður/(Tap)	9.268.096	(4.175.307)	11.468.016	278.446	2.236.561		0	866.996		19.942.808
Eigið fé og skuldir samtals	51.216.586	16.782.702	19.048.092	9.007.454	11.782.146	4.864.679	5.285.988			109.136.545



80 ára

